

Alþingi
Erindi nr. P 135/834
komudagur 6.12.2007



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

netfang: postur@mrn.stjr.is

www.menntamalaraduneyti.is

Menntamálanefnd Alþingis
Margrét María Grétarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. nóvember 2007
Tilv.: MMR07110095/3.11-

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. nóvember 2007, þar sem menntamálaráðuneytinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, 12. mál og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 17. mál.

1.

Hvað viðkemur frumvarpi til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra vill ráðuneytið taka fram að það leggst ekki gegn þeim meginsjónarmiðum sem þar koma fram, en telur rétt að benda á þá stefnu sem mörkuð er með lögum nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Markmið þeirra laga er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Á þessum grundvelli hefur verið leitast við að veita takmálsþjónustu þar sem því verður við komið og nauðsyn er á, sbr. t.d. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga.

2.


Að því er varðar tillögu til breytinga á útvarpslögum skv. 13. og 14. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins vill ráðuneytið benda á að því mun fylgja umtalsvert umfang og kostnaður að túlka eða texta efni, ekki síst beinar útsendingar. Ráðuneytið hefur brugðist við þessu í samningi við Ríkisútvarpið um útvarpsþjónustu í almannapágu. Er þar lögð áhersla á að auka hlut textunar og táknmálstúlkunar. Samkvæmt samningnum skal senda út táknmálsfréttir alla daga vikunnar, táknmálstúlka skal umræður í aðdraganda kosninga og auka á fjölda textaðra klukkustunda að lágmarki um 100%. Jafnframt skal stefnt að því að öll forunnin innlend dagskrá verði textuð í lok samningstímabilsins. Búast má við að einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar hafi ennfremur takmarkaða getu og fjármuni til túlkunar eða textunar á öllu íslensku efni.

Í 15. - 17. gr. síðastgreinds frumvarps eru jafnframt lagðar til breytingar á lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Rétt er að upplýsa í þessu sambandi að ríkisstjórnin hefur samþykkt sem stjórnarfrumvörp, frumvörp menntamálaráðherra til nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og hafa þau verið lögð fyrir Alþingi. Í ljósi þess er það mat ráðuneytisins að ekki sé tilefni til þess að fjalla í frumvarpinu um breytingar á gildandi lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

3.

Að öðru leyti mun efnisleg afstaða ráðherra til málsins koma fram við afgreiðslu þess á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

A handwritten signature in black ink, consisting of several loops and a long horizontal stroke extending to the right.

Guðmundur Árnason

A handwritten signature in black ink, written in a cursive style with a large initial 'Þ'.

Þórhallur Vilhjálmsson